



FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

Brussel, XXX  
[...]<sup>C</sup>

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../..**

frá [..]

**sem breytir reglugerð (EB) nr. .../... um tæknilegar kröfur og  
stjórnsýsluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr.  
216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu**

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) Nr. .../..

frá

**sem breytir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. .../... um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við flugrekstur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 216/2008 frá Evrópuþinginu og ráðinu**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA,

Hefur með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

Hefur með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. febrúar 2008 nr. 216/2008/EB, um almennar reglur á sviði almenningssflugs, stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, og afnám tilskipunar Evrópuráðsins 91/670/EBE, reglugerðar nr. 1592/2002/EB, og tilskipunar 2004/36/EB, <sup>(1)</sup>, einkum gr. 8(5),

þar sem:

- (1) Reglugerð (EB) nr. .../... kveður á um tæknilegar kröfur og stjórnsýsluferla í tengslum við flugrekstur.
- (2) Útfærslureglur er tengjast tímatakörkum í flugi og kröfum um hvíldartíma, í samræmi við grein 22(2) í reglugerð (EB) nr. 216/2008, skulu í fyrstu innihalda öll efnisákvæði undirliðs Q í viðauka III við reglugerð (EBE) nr. 3922/91, með hliðsjón af nýjustu gögnum á sviði vísinda og tækni.
- (3) Reglugerð (EB) nr. .../... ætti því að breyta þannig að hún taki einnig til tímatakmarka í flugi og vöktum og krafna um hvíldartíma.
- (4) Reglugerð (EB) nr. .../... tekur mið af takmörkunum og lágmarksviðmiðum sem þegar eru tilgreind í tilskipun 2000/79/EB (5). Takmarkanir þær sem tilgreindar eru í tilskipuninni skal ávallt virða ef um er að ræða farandstarfsmenn í almenningssflugi. Ákvæði reglugerðar (EB) nr. .../... og önnur ákvæði sem samþykkt hafa verið í samræmi við þessa reglugerð ættu ekki undir neinum kringumstæðum að vera almennari og því veita starfsfólki minni vernd. Ákvæði þessarar reglugerðar eru einnig án skerðingar á félagsmálalöggjöf í löndum þar sem verndarákvæði eru ríkari.
- (5) Flugöryggisstofnun Evrópu útbjó tillögur að útfærslureglum og lagði þær fram sem álit fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við gr. 19(1) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (6) Þær aðgerðir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var stofnsett með 65. grein reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ :

### *1. grein*

Reglugerð (EB) nr. .../... er breytt sem hér segir:

1. Í 2. grein er eftirtalin skilgreining sett inn:

---

<sup>(1)</sup> □ Stjórnartíðindi EB L 79, 13.03.2008, bls.

'''Þjónustuflyg' þýðir, hvað varðar tímatakörk í flugi og vöktum, flutningaflug, samkvæmt pöntun, annað en áætlunarflug, þar sem hámarksskipan farþegasæta (e. maximum operational passenger seating configuration - MOPSC) er 19 eða minni."'''

2. Grein 8 málgrein 1 er skipt út fyrir eftirfarandi:

'8. grein

### **Takmarkanir á flugtíma**

Tímatakörk í flugi og vöktum skulu háð eftirfarandi:

Flugrekendur í flutningaflugi á flugvélum skulu sýna fylgni við undirlið FTL í viðauka III. Eftirfarandi CAT starfræksla skal ekki heyra undir undirlið FTL í viðauka III:

þjónustuflyg á flugvélum;

sjúkraflyg á flugvélum; og

Rekstur einstjórnarflugvéla.

Grein 8(4) og undirliður Q í viðauka III við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 og tengdar undanþágur ríkja, grundvallaðar á öryggisáhættumati lögbærs stjórnvalds, skulu gilda þar til útfærslureglur tengdar slíkum rekstri eru teknar upp.'

3. Í viðauka II skal eftirfarandi atriðum bætt við:

'ARO.OPS.230 Ákvörðun á truflandi áætlunum

Að því er varðar FTL skal lögbært stjórnvald ákvarða, í samræmi við skilgreiningar á truflandi áætlunum 'snemmdægurs' (e. early type) og 'síðdægurs' (e. late type) í ORO.FTL.105 hvor þessara tegunda truflandi áætlana eigi við um flugrekendur í flutningaflugi, sem lögbæra stjórnvaldið hefur eftirlit með.'

ARO.OPS.235... Samþykki einstakra útlistaðra áætlana um flugtíma

Lögbært stjórnvald skal samþykkja útlistaðar áætlunir um flugtíma, sem flugrekendur í flutningaflugi leggja til, ef flugrekandi hefur sýnt fram á fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og undirlið FTL í viðauka III við þessa reglugerð.

- (a) Þegar útlistuð áætlun um flugtíma frá flugrekanda sýnir ekki fylgni við viðeigandi vottunarforskriftir frá stofnuninni skal lögbært stjórnvald beita ferli sem lýst er í grein 22(2) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (b) Þegar útlistuð áætlun um flugtíma frá flugrekanda vikur frá ákvæðum viðeigandi útfærslureglna skal lögbært stjórnvald beita ferli sem lýst er í grein 14(6) í reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- (c) Samþykkt frávik skulu háð óháðu vísindalegu og læknisfræðilegu mati eftir beitingu fráviksins.

4. Í viðauka III er nýr undirliður FTL í samræmi við viðaukann í þessari reglugerð.

2. grein

3 árum eftir að ákvæði um tímatakörk í flugi og vöktum, sem kveðið er á um í viðaukum II og III við reglugerð (EB) .../..., hafa tekið gildi skal stofnunin endurskoða gagnsemi ákvæðanna. Þessi endurskoðun skal grundvölluð á starfrækslugögnum sem safnað hefur verið til langs tíma eftir að ákvæðin tóku gildi og skal hún einbeita sér að þessum þáttum í það minnsta:

1. áhrifum vakta sem ná yfir meira en 13 tíma á hentugri tímum dagsins;
2. áhrifum vakta sem ná yfir meira en 10 tíma á síður hentugum tímum dagsins;
3. áhrifum vakta sem ná yfir meira en 11 tíma fyrir áhafnar meðlimi þar sem óvíst er um aðlögunarástand;
4. möguleg áhrif mikils fjölda flugkafla (> 6) á árvekni áhafnar;
5. áhrif truflandi áætlana á uppsöfnuð takmörk.

### 3. grein

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á 20sta degi eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Hún skal gilda frá [1 ári eftir gildistöku hennar].
3. Með undanþágu frá annarri undirmálgrein í málsgrein 1 geta aðildarríki ákveðið að halda áfram að beita grein 8(4) og OPS 1.1115 í undirlið Q í viðauka III við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 og tengdum undanþágum ríkja á grundvelli öryggisáhættumats á vegum lögbærs stjórnvalds í stað ORO.FTL.210 (e) þar til [2 árum eftir að reglugerð þessi tekur gildi].
4. Þegar aðildarríki nýtir ákvæði málsgreinar 2 skal það tilkynna það framkvæmdastjórninni og stofnuninni. Í þessari tilkynningu skal tilgreina ástæður og tímalengd slíkrar undanþágu sem og áætlun um innleiðingu þar sem kveðið er á um aðgerðir og tímasetningu þar að lútandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel,

*Fyrir hönd Framkvæmdastjórnarinnar*

*Meðlimur Framkvæmdastjórnarinnar*

## VIÐAUKI

### LIDUR-ORO (STOFNANAKRÖFUR)

#### Undirliður - tímatakmörk í flugi og vöktum og hvíldarkröfur

##### Hluti 1

##### Almennt

##### ORO.FTL.100 Umfang

Þessi undirliður lýsir kröfum sem flugrekandi þarf að uppfylla hvað varðar tímatakmörk í flugi og vöktum og hvíldarkröfum fyrir áhafnar meðlimi.

##### ORO.FTL.105 Skilgreiningar

Að því er þennan undirlið varðar skulu eftirfarandi skilgreiningar gilda:

'Aðlagður': þýðir að áhafnar meðlimurinn telst vera aðlagður að tímabelti sem spannar 2 tíma kringum staðartímann þar sem hann/hún hefur för sína. Þegar staðartíminn á þeim stað þar sem vaktin hefst er meiri en 2 tímar frá staðartíma á þeim stað þar sem vaktin endar telst áhafnar meðlimurinn vera aðlagður í samræmi við gildin í töflunni hér að neðan þegar reikna skal hámark daglegs flugvaktartíma (e. flight duty period - FDP).

Tímamismunur (klst.) milli viðmiðunartíma og staðartíma þar sem áhafnar meðlimur hefur vakt sína	Liðinn tími frá skráningu á viðmiðunartíma				
	<48	48–71:59	72–95:59	96–119:59	≥120
< 4	B	D	D	D	D
≤6	B	X	D	D	D
≤9	B	X	X	D	D
≤12	B	X	X	X	D

'B' þýðir aðlagður að staðartíma þaðan sem lagt er af stað,

'D' þýðir aðlagður að staðartíma þar sem áhafnar meðlimur byrjar næstu vakt sína, og

'X' þýðir að óvíst er um aðlögun áhafnar meðlims.

'Húsnæði' þýðir, hvað varðar bakvaktir og skiptar vaktir, kyrrlátan og þægilegan stað sem almenningur hefur ekki aðgang að og þar sem hægt er að stýra lýsingu og hitastigi, stað búinn fullnægjandi húsgögnum sem gera áhafnar meðlimi kleift að sofa, er nægilega stór til að rúma alla áhafnar meðlimi á sama tíma og hefur aðgengi að mat og drykk.

'Flugvallarvakt' þýðir fyrirfram tilkynnt og skilgreint tímabil þar sem flugrekandi krefst þess af áhafnar meðlimi að hann/hún sé til taks á flugvelli til að fá úthlutað verkefnum í flugi, við staðsetningu eða öðrum verkefnum.

'Aukin flugáhöfn' þýðir flugáhöfn sem samanstendur af fleirum en lágmarksáhöfn sem nauðsynleg er til að stýra loftfarinu, er gerir hverjum í flugáhöfninni kleift að yfirgefa starfstöð sína til að fá hvíld í flugi og hleypa öðrum jafnhæfum flugáhafnar meðlimi að í staðinn.

'Hlé' þýðir tímabil meðan á flugvakt stendur þar sem áhafnar meðlimurinn sinnir engum skyldum. Hlé er styttra en hvíldartími og telst til vaktarinnar.

'Tilkynningatöf' þýðir að flugrekandi frestar áætlaðri flugvakt áður en áhafnar meðlimur fer af hvíldarstað sínum.

'Truflandi áætlun' þýðir að vaktaskrá áhafnar meðlims hefur að geyma flugvakt eða flugvaktir hans/hennar sem byrja, lýkur meðan eða nálægt einhverju skeiði dags eða nætur sem áhafnar meðlimurinn er aðlagður, með þeim afleiðingum að truflun verður á svefnmöguleikum á besta svefntíma. Áætlun getur verið truflandi vegna þess að flugvakt byrjar snemma, hættir seint eða vakt er að nóttu til.

(a) Truflandi áætlun 'snemmdægurs' þýðir:

(1) vaktarskeið með 'árdegisbyrjun' þýðir að vakt hefst á milli 05:00 og 05:59 á staðartíma á þeim stað þar sem áhafnar meðlimurinn er aðlagður;;

(2) vaktarskeið með 'kvöldlok' þýðir að vakt lýkur á milli 00:00:00 og 01:59 á staðartíma á þeim stað þar sem áhafnar meðlimurinn er aðlagður.

(b) Truflandi áætlun 'síðdægurs' þýðir:

(1) vaktarskeið með 'árdegisbyrjun' þýðir að vakt hefst á milli 05:00 og 07:59:00 á staðartíma á þeim stað þar sem áhafnar meðlimurinn er aðlagður;;

(2) vaktarskeið með 'kvöldlok' þýðir að vakt lýkur á milli 00:00 og 01:59 á staðartíma á þeim stað þar sem áhafnar meðlimurinn er aðlagður.

(c) 'Næturvakt' þýðir vaktarskeið sem nær til einhvers hluta þess tíma nætur sem nær milli 02:00 og 04:59 á þeim staðartíma þar sem áhafnar meðlimurinn er aðlagður.

'Vakt' þýðir sérhvert verk sem áhafnar meðlimur vinnur fyrir flugrekanda, þar á meðal flugvaktarvinna, stjórnsýsluvinna, að veita og þiggja þjálfun og eftirlitsverk, staðsetningarvinna og sum bakvaktarverk.

'Vaktartímabil' þýðir tímabil sem hefst þegar flugrekandinn fer fram á við áhafnar meðlim að hann/hún skrái sinn inn til vinnu eða hefji vakt og lýkur þegar einstaklingurinn er laus undan öllum skyldum.

'Austur-vestur og vestur-austur umskipti' þýða umskipti á heimahöfn milli skiptingar sem nær yfir 6 eða fleiri tímabelti í eina átt og skiptingar sem nær yfir 4 eða fleiri tímabelti í hina áttina.

'Flugvaktarbil (e. Flight duty period - FDP)' þýðir tímabil sem hefst þegar áhafnar meðlimur þarf að mæta til vinnu á vakt, sem getur verið flug eða nokkur flug, og lýkur þegar loftfarið nemur loks staðar og slökkt er á vélum þess, við lok síðasta flugsins þar sem hann/hún er áhafnar meðlimur.

'Flugtími' þýðir, fyrir flugvélar og ferðavélsvifflugur, tíminn frá því að loftfarið leggur fyrst af stað frá þeim stað þar sem því var lagt í þeim tilgangi að hefjast á loft uns það loks nemur

staðar á þeim stað sem fyrirhugað er að leggja því og slökkt hefur verið á öllum vélum eða hreyflum.

'Heimahöfn' þýðir sá staður sem flugrekandi hefur ætlað áhafnarmedlimnum, þar sem hann/hún hefur og lýkur vanalega vöktum eða vaktalotum sínum og flugrekandinn ber alla jafna ekki ábyrgð á húsnæði fyrir viðkomandi áhafnarmedlim.

'Staðardagur' þýðir 24 stunda tímabil sem hefst kl. 00:00 að staðartíma.

'Staðarnótt' þýðir 8 stunda tímabil milli kl. 22:00 og 08:00 að staðartíma.

'Áhafnarmedlimur á vakt' þýðir áhafnarmedlimur sem innir skyldustörf sín af hendi meðan á flugi loftfarsins stendur.

'Staðsetning' þýðir tilfærsla áhafnarmedlims, sem ekki er við skyldustörf, frá einum stað til annars, að ósk flugrekanda, að frádregnum tímanum frá heimilinu að þeim stað sem ber að tilkynna sig til vinnu í heimahöfn og öfugt, og að frádregnum tímanum sem tekur að fara frá þeim stað á vettvangi, þar sem áhafnarmedlimur hvílist, uns skyldustörf hefjast og öfugt.

'Viðmiðunartími' þýðir staðartími á mætingarstað á tímabelti sem er 2 klukkustundir að breidd kringum þann staðartíma sem áhafnarmedlimur er aðlagður að.

'Hvildaraðstaða' þýðir koja eða sæti með stuðningi við fótleggi sem gerir áhafnarmedlimi kleift að sofna um borð í loftfari.

'Til vara' þýðir tímabil þegar flugrekandi fer fram á við áhöfn að hún sé tiltæk til að fá úthlutað verkefnum vegna flugs, staðsetningar eða annarra skylduverka með að minnsta kosti 10 tíma fyrirvara áður en verkefnin eiga að hefjast.

'Hvildartími' þýðir samfelld, órofið og skilgreint tímabil, á eftir og/eða á undan vakt, þar sem áhafnarmedlimur er laus undan öllum skyldum og ekki tiltækur til vara.

'Skipting' er vakt eða vaktalota, þar með talin að minnsta kosti ein flugvakt og hvíldartími frá heimahöfn, sem hefst á heimahöfn og endar þegar snúið er í heimahöfn til hvíldartíma þar sem flugrekandi er ekki lengur ábyrgur fyrir húsnæði og gistingu áhafnarmedlims.

'Einn dagur vaktalaus' þýðir, hvað varðar fylgni við tilskipun ráðsins nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000, tími sem er laus undan allri vaktarvinnu og samanstandur af einum degi og tveimur nóttum að staðartíma og getur innihaldið hvíldartíma sem hluta af frídegnum.

'Geiri' þýðir tíminn frá því að loftfar hreyfðist fyrst í þeim tilgangi að takast á loft uns það nemur staðar eftir lendingu á tilgreindum stað, þar sem ætlunin er að leggja loftfarinu.

'Bakvakt' þýðir fyrirfram tilkynnt og skilgreint tímabil þar sem flugrekandi krefst þess af áhafnarmedlimi að hann/hún sé til taks til að fá úthlutað verkefnum í flugi, við staðsetningu eða öðrum verkefnum, án hvíldartíma á milli, sem hér segir:

- (a) bakvakt á flugvelli þýðir bakvakt sem fer fram á flugvelli, sem getur leitt til þess að vakt sé úthlutað;
- (b) önnur bakvakt þýðir bakvakt sem er annað hvort unnin heima við eða í viðeigandi húsnæði, sem getur leitt til þess að vakt sé úthlutað.

'Viðeigandi húsnæði' hvað varðar bakvaktir, skiptar vaktir og lágmarkshvöld, þýðir sérstakt herbergi, með viðeigandi aðstöðu fyrir hvern og einn áhafnarmedlim, sem staðsett er á kyrrlátum stað, þar sem er rúm, fullnægjandi loftræsting, búnaður til að stýra hitastigi og lýsingu og búið er aðgengi að mat og drykk.

'Sérstaklega löng flug (e. ultra long range operations - ULR)' þýðir langflug þar sem flugtími er lengri en 16 klukkustundir eða flugvaktartímabil sem er meira en 18 klukkustundir.

'Dægurlægð (e. Window of Circadian Low - WOCL)' þýðir tímabilið frá 02:00 til 05:59 á því tímabelti sem áhafnar meðlimur er aðlagður að.

### **ORO.FTL.110 Skyldur flugrekanda**

Flugrekandi skal, þegar slíkt á við um tegund flugrekstrar:

- (a) birta vaktaskrá með nægilegum fyrirvara þannig að áhafnar meðlimir geti skipulagt sig með þeim hætti að þeir fái næga hvíld;
- (b) tryggja að flugvaktartímabil séu skipulögð með þeim hætti að áhafnar meðlimir geti tryggt að þeir séu lausir við þreytu og geti unnið þannig að eðlilegt öryggi sé tryggt við allar kringumstæður;
- (c) tilgreina mætingartíma sem gera kleift að sinna verkum á jörðu niðri með eðlilegum hætti;
- (d) taka tillit til tengsla milli tíðni og mynstra flugvaktartímabila og hvíldartíma og gæta að uppsöfnuðum áhrifum þess að sinna löngum vöktum og fá lágmarkshvíld á milli;
- (e) úthluta vöktum þannig að ekki verði veruleg röskun á hefðbundnum svefn- og vinnumynstrum, svo sem eins og með því að úthluta dag- og næturvöktum til skiptis;
- (f) ef ekki verður komið hjá því að áætlun sé truflandi skal hún samræmast ARO.OPS.230;
- (g) tryggja að hvíldartími sé nægilega langur til að áhafnar meðlimir geti náð sér af áhrifum fyrri vakta og séu nægilega úthvíldir áður en næsta flugvakt hefst;
- (h) skipuleggja endurtekinn langvarandi hvíldartíma og láta áhafnar meðlimi vita um hann með nægilegum fyrirvara;
- (i) tryggja að flug sé skipulögð þannig að þeim ljúki innan leyfðra flugvaktartímabila, þannig að tekið sé tillit til verka á jörðu niðri fyrir flug, flugsins sjálfs og viðdvalartíma;
- (j) breyta áætlun og/eða áhafnarsamsetningu ef flugið er lengra en sem nemur hámarksflugvaktartímabilinu á yfir 33% flugferða á áætlunarferðum á árshlutanum.

### **ORO.FTL.115 Skyldur áhafnar meðlima**

Áhafnar meðlimir skulu:

- (a) sýna fylgni við CAT.GEN.MPA.100 í viðauka IV (lið-CAT);
- (b) nýta sem best tækifæri og aðstöðu til hvíldar og skipuleggja og nota hvíldartíma sinn með eðlilegum hætti.

### **ORO.FTL.120 Áhættustýring þreytu (e. fatigue risk management - FRM)**

- (a) Þegar þessi undirliður eða viðeigandi vottunarforskrift fer fram á FRM skal flugrekandi koma á laggirnar, innleiða og viðhalda FRM sem óaðskiljanlegum hluta af



stjórnunarkerfi sínu. FRM skal tryggja fylgni við grunnkröfur 7.f., 7.g. og 8.f. í viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 216/2008. FRM skal vera lýst í rekstrarhandbókinni.

- (b) FRM sem er komið á laggirnar, innleitt og viðhaldið skal innihalda:
  - (1) lýsingu á grundvallarhugsun og meginreglum flugrekanda með tilliti til FRM, sem nefnd er FRM-stefnan;
  - (2) gögn um FRM-ferla, þar á meðal ferli til að gera starfsfólk meðvitað um ábyrgð sína og ferlið til að breyta þessum gögnum;
  - (3) vísindalegar meginreglur og þekkingu;
  - (4) hættugreiningu og hættumatsferli sem gerir kleift að stýra hættu hjá flugrekanda sem sprettur af viðvarandi þreytu áhafnarmedlima;
  - (5) áhættumildunarferli sem gerir kleift að grípa til tafarlausra úrræða til að milda hættu, sem flugrekanda stafar af þreytu áhafnarmedlima og gerir kleift stöðuga vöktun og reglulegt mat á áhrifum aðgerða til að milda hættu sem stafar af þreytu.
  - (6) samsvörun við vaktaskrárkerfið eða útlistaða áætlun um flugtíma sem flugrekandi notar;
  - (7) tryggingu fyrir stöðugum umbótum á heildarárangri FRM;
  - (8) FRM öryggistryggingaferla;
  - (9) FRM útbreiðsluferla.
- (c) FRM skal samsvara stærð flugrekanda sem og eðli og margbreytileika starfsemi hans, og taka tillit til áhættu og tengdrar hættu sem felst í þessari starfsemi og viðeigandi útlistaðra áætlana um flugtíma.
- (d) Flugrekandi skal grípa til mildandi aðgerða þegar FRM öryggistryggingaferli sýnir að öryggisframmistöðu, sem krafist er, er ekki viðhaldið.

#### **ORO.FTL.125 Útlistaðar áætlanir um flugtíma**

- (a) Án skerðingar á tilskipun ráðsins 2000/79/EB frá 27. nóvember 2000 varðandi Evrópusamning um skipulag vinnutíma farstarfsmanna í almenningsflugi skulu flugrekendur koma á laggirnar, innleiða og viðhalda útlistuðum áætlunum um flugtíma sem séu viðeigandi fyrir þá tegund flugrekstrar, sem um ræðir, og sýni fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þennan undirlið.
- (b) Áður en útlistaðar áætlanir um flugtíma eru innleiddar skulu þær samþykktar af lögbæru stjórnvaldi.
- (c) Til að sýna fylgni við reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þennan undirlið skal flugrekandi nota viðeigandi vottunarforskriftir frá stofnuninni. Einnig skal flugrekandi, ef hann vill frávik frá vottunarforskriftum stofnunarinnar í samræmi við grein 22 (2) í reglugerð (EB) nr. 216/2008, gefa lögbæru stjórnvaldi fulla lýsingu á frávikinum áður en það er

innleitt. Lýsingin skal fela í sér allar endurbætur á handbókum eða ferlum sem geta verið viðeigandi, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að kröfum í reglugerð (EB) nr. 216/2008 og þessum undirlið.

## **HLUTI 2**

### **Flugrekendur í flutningaflugi**

#### **ORO.FTL.200 Heimahöfn**

Flugrekandi skal tilgreina heimahöfn fyrir sérhvern áhafnarmedlim.

#### **ORO.FTL.205 Flugvaktartímabil (e. flight duty period - FDP)**

(a) Flugrekandi skal:

- (1) skilgreina mætingartíma sem viðeigandi er fyrir sérhvert verk og taka þar tillit til ORO.FTL.110(c);
- (2) koma á laggirnar ferlum sem tilgreina hvernig flugstjórinn skal - ef um er að ræða sérstakar kringumstæður sem gætu leitt til mikillar þreytu, og eftir samráð við áhafnarmedlimi sem um ræðir - minnka raun FDP og/eða auka hvíldartímann til að komast hjá neikvæðum áhrifum á flugöryggi.

(b) Daglegt grunnhámark FDP.

- (1) Daglegt hámark FDP án notkunar á framlengingum fyrir aðlagaða áhafnarmedlimi skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

**Tafla 1: Daglegt hámarks FDP - aðlagaðir áhafnar meðlimir**

Byrjun FDP	1-2 geirar	3 geirar	4 geirar	5 geirar	6 geirar	7 geirar	8 geirar	9 geirar	10 geirar
0600–1329	13:00	12:30	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00
1330–1359	12:45	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00
1400–1429	12:30	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00
1430–1459	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00
1500–1529	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00
1530–1559	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00	09:00
1600–1629	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00	09:00
1630–1659	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00	09:00	09:00
1700–0459	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00	09:00	09:00
0500–0514	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00
0515–0529	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00	09:00
0530–0544	12:30	12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00
0545–0559	12:45	12:15	11:45	11:15	10:45	10:15	09:45	09:15	09:00

- (2) Daglegt hámark FDP þegar óvíst er um aðlögun áhafnar meðlima skal sýna fylgni við eftirfarandi töflu:

**(i) Áhafnar meðlimir í óvísu aðlögunarástandi**

Daglegt hámark FDP samkvæmt geirum						
1–2	3	4	5	6	7	8
11:00	10:30	10:00	09:30	09:00	09:00	09:00

- (3) Daglegt hámark FDP þegar óvíst er um aðlögun áhafnar meðlima og flugrekandi hefur innleitt FRM skal sýna fylgni við eftirfarandi töflu:

**(ii) Áhafnar meðlimir í óvísu aðlögunarástandi samkvæmt FRM**

Gildin í töflunni hér að neðan eru gild að því gefnu að FRM flugrekanda fylgist stöðugt með því að nauðsynlegri öryggisframmistöðu sé viðhaldið.

<b>Daglegt hámark FDP samkvæmt geirum</b>						
1–2	3	4	5	6	7	8
12:00	11:30	11:00	10:30	10:00	09:30	09:00

(c) FDP með mismunandi mætingartíma fyrir flugáhöfn og öryggis- og þjónustuliða.

Þegar öryggis- og þjónustuliðar þurfa meiri tíma en flugáhöfn fyrir fyrirflugskynningu fyrir sama flug eða fluglotur, má lengja FDP öryggis- og þjónustuliða um þann tíma sem nemur mismuni milli mætingartíma flugáhafnar og öryggis- og þjónustuliða. Mismunurinn skal ekki vera meiri en 60 mínútur. Daglegt hámark FDP fyrir öryggis- og þjónustuliða skal grundvallað á þeim tíma er flugáhöfnin mætir í FDP, en FDP skal hefjast á mætingartíma öryggis- og þjónustuliða.

(d) Daglegt hámark FDP með notkun framlenginga án hvíldar meðan á flugi stendur.

- (1) Daglegt hámark FDP má framlengja upp í 1 klukkustund allt að tvisvar á einhverju samfelldu 7 daga tímabili. Í slíkum tilvikum:
  - (i) skal auka lágmarks hvíldartíma fyrir flug og eftir flug um 2 klukkustundir; eða
  - (ii) auka hvíldartímamann eftir flug um 4 klukkustundir.
- (2) Notkun framlenginga skal ákveðin fyrirfram og skal takmörkuð við að hámarki:
  - (i) 5 geira þegar ekki er náð inn á WOCL; eða
  - (ii) 4 geira þegar náð er inn á WOCL sem nemur 2 klukkustundum eða minna; eða
  - (iii) 2 geira þegar náð er inn á WOCL sem nemur 2 klukkustundum eða meira.
- (3) Framlenging á daglegu hámarki FDP án hvíldar í flugi skal ekki tengja framlengingum vegna hvíldar í flugi eða skiptra vakta á sama vaktatímabili.
- (4) Þegar framlengingar eru notaðar á samfelldum FDP, skal nota viðbótarheimildir um fyrirflugshvöld og eftirflugshvöld milli hinna tveggja framlengdu FDP með samfelldum hætti.
- (5) Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina takmarkanir á framlengingum á daglegu hámarki FDP í samræmi við vottunarforskriftir sem tengjast rekstrartegundinni, þannig að tekið sé tillit til:
  - (i) fjölda geira sem flognir eru; og

- (ii) hvort náð er inn á WOCL.
- (e) Daglegt hámark FDP með notkun framlenginga vegna hvíldar meðan á flugi stendur.
- (1) Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina skilyrði fyrir framlengingum á daglegu hámarki FDP með hvíld meðan á flugi stendur í samræmi við vottunarforskriftir sem tengjast rekstrartegundinni, þannig að tekið sé tillit til:
    - (i) fjölda geira sem flognir eru; og
    - (ii) lágmarkshvíldar hvers áhafnarmeðlims meðan á flugi stendur;
    - (iii) tegund hvíldaraðstöðu í flugi; og
    - (iv) viðbóta við grunnáhöfn vélarinnar
- (f) Ófyrirséðar kringumstæður í flugi - ákvörðunarréttur flugstjóra.
- (1) Skilyrðin fyrir því að flugstjóri geti breytt takmörkunum á flugvöktum, vaktar- og hvíldartíma, ef ófyrirséðar kringumstæður koma upp í flugi sem byrjar á mætingartíma, skulu samræmast:
    - (i) daglegu hámarki FDP, er næst með því að beita (b), (e) eða ORO.FTL.220, sem má ekki auka um meira en 2 klukkustundir nema bætt hafi verið við flugáhöfn, en þá má ekki auka hámark flugvaktarinnar um meira en 3 klukkustundir;
    - (ii) ef um er að ræða lokageira á FDP og ófyrirséðar kringumstæður verða eftir flugtak, sem gera að verkum að farið er fram úr heimilaðri aukningu, má flugið halda áfram að áætluðum landingarstað eða varaflugvelli; og
    - (iii) hvíldartíminn í kjölfar FDP má minnka en má þó aldrei fara undir 10 klukkustundir.
  - (2) Ef ófyrirséðar kringumstæður verða sem gætu leitt til alvarlegrar þreytu skal flugstjórinn minnka flugvaktartímabilið og/eða auka hvíldartímann til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á öryggi í flugi.
  - (3) Flugstjórinn skal eiga samráð við alla áhafnarmeðlimi um árvekni þeirra áður en hann ákveður að gera breytingarnar.
  - (4) Flugrekandi skal krefjast þess af flugstjóra að hann leggi fram skýrslu til flugrekandans þegar FDP er aukið eða dregið er úr hvíldartíma að hans/hennar frumkvæði.
  - (5) Þegar FDP er aukið um 1 klukkustund eða hvíldartíminn minnkaður um meira en 1 klukkustund skal afrit af skýrslunni, sem flugrekandi bætir með eigin athugasemdum, sent til lögbærs stjórnvalds eigi síðar en 28 dögum eftir atburðinn.

- (6) Flugrekandinn skal innleiða órefsandi ferli til að nota ákvörðunarréttinn sem lýst er í þessu ákvæði og lýsa því í rekstrarhandbókinni.
- (g) Ófyrirséðar kringumstæður í flugrekstri - tilkynningatöf
- Flugrekandi skal koma á laggirnar ferli vegna tilkynningatafa í rekstrarhandbókinni í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir þá tegund rekstrar, sem um ræðir.

#### **ORO.FTL.210 Flugtími og vaktatímabil**

- (a) Heildarvaktatímabil áhafnarmedlims má ekki vera meira en:
- (1) 60 vaktatímar á hverjum samfelldum 7 dögum;
  - (2) 110 vaktatímar á hverjum samfelldum 14 dögum; og
  - (3) 190 vaktatímar á hverjum samfelldum 28 dögum, sem dreift sé eins jafnt yfir tímabilið og hægt er með eðlilegu móti.
- (b) Heildarflugtími í flugi sem einstakur áhafnarmedlimur tekur þátt í sem starfandi áhafnarmedlimur má ekki vera meiri en:
- (1) 100 klukkustundir í flugi á hverjum samfelldum 28 dögum; og
  - (2) 900 klukkustundir í flugi á hverju almanaksári; og
  - (3) 1.000 klukkustundir í flugi á hverjum samfelldum 12 almanaksmánuðum.
- (c) Eftirflugsvaktir teljast til vakta. Flugrekandi skal tiltaka í rekstrarhandbókinni lágmarkstíma á eftirflugsvöktum.

#### **ORO.FTL.215 Staðsetning**

Ef flugrekendur staðsetja áhafnarmedlimi skal eftirfarandi gilda:

- (a) Staðsetning eftir mætingu en áður en starf hefst skal teljast hluti af FDP en ekki sem hluti af geira.
- (b) Allur sá tími sem fer í staðsetningu skal teljast til vaktartíma.

#### **ORO.FTL.220 Skiptar vaktir**

- (a) Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina eftirfarandi þætti varðandi skiptar vaktir í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir rekstrartegundina:
- (1) lágmarkstíma vinnuhlés á jörðu niðri; og
  - (2) með undanþágu frá ORO.FTL.205(b), möguleikann á að auka FDP að teknu tilliti til lengdar vinnuhlés á jörðu niðri og aðstöðu fyrir áhafnarmedlim til að njóta hvíldar og annarra viðeigandi þátta.
- (b) Vinnuhléið á jörðu niðri skal teljast til fulls sem FDP.

- (c) Skipt vakt skal ekki fylgja í kjölfarið á skertri hvíld.

### **ORO.FTL.225 Bakvaktir og flugvallarvaktir**

Ef flugrekendur skrá áhafnar meðlimi á bakvaktir eða flugvallarvaktir skal eftirfarandi gilda í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir rekstrartegundina sem um ræðir:

- (a) Bakvaktir og flugvallarvaktir skal færa í vaktaskrá og tilgreina þarf upphaf og endi bakvaktarinnar og viðkomandi áhafnar meðlimir látnir vita fyrirfram svo þeir geti skipulagt hvíld sína með fullnægjandi hætti.
- (b) Flugvallarvaktir skulu teljast fullar vaktir og FDP skal teljast að fullu frá mætingartíma á flugvallarvakt.
- (c) Flugrekendur skulu útvega aðstöðu fyrir áhafnar meðlimi á bakvöktum á flugvöllum.
- (d) Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina eftirfarandi þætti:
- (1) hámarkstímalengd sérhverrar bakvaktar;
  - (2) áhrif bakvaktar á hámarks FDP sem úthluta má, að teknu tilliti til aðstöðu sem áhafnar meðlimur fær til að hvílast, og aðra viðeigandi þætti eins og þörfina á að áhafnar meðlimur sé ávallt tiltækur, áhrif bakvaktarinnar á svefn og/eða nægilegan fyrirvara á tilkynningu svo að hægt sé að fá svefn á tímabilinu frá því að vaktarboðið berst og FDP er úthlutað.
  - (3) lágmarkshvíldartíma í kjölfar bakvaktar sem ekki leiðir til úthlutunar á FDP; og
  - (4) hvernig telja á tíma á bakvakt þegar horft er á uppsafnaðan vaktartíma.

### **ORO.FTL.230 Til vara**

Ef flugrekendur skrá áhafnar meðlimi til vara skal eftirfarandi gilda í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir rekstrartegundina sem um ræðir:

- (a) Varastörf skal færa í vaktaskrá;
- (b) Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina eftirfarandi þætti:
- (1) hámarkslengd sérhvers varaskeiðs;
  - (2) þann fjölda samfelldra varadaga sem úthluta má til áhafnar meðlims.

### **ORO.FTL.235 Hvíldartímar**

- (a) Lágmarkshvíldartími í heimahöfn.

Lágmarkshvíldartími sem veittur er áður en FDP, sem byrjar á heimahöfn, skal:

- (1) vera að minnsta kosti jafnlangur og næsta vaktartímabil á undan, eða 12 klukkustundir, hvort sem er lengra;
- (2) sýna fylgni við (b) ef flugrekandi leggur áhafnar meðlimnum til viðeigandi húsnæði.

- (b) Lágmarkshvildartími fjarri heimahöfn.

Lágmarkshvildartími áður en næsta FDP hefst, þar sem lagt er af stað fjarri heimahöfn, skal vera að minnsta kosti jafnlangur og næsta vaktatímabil á undan, eða 10 klukkustundir, hvort sem er lengra. Þetta tímabil skal innihalda tækifæri á 8 tíma svefni auk tímans sem tekur að ferðast og sinna líkamlegum þörfum.

- (c) Skert hvíld

Með undanþágu frá (a) og (b) mega útlistaðar áætlanir um flugtíma skerða lágmarkshvildartíma að því gefnu að tekið sé tillit til eftirfarandi þátta í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir fyrir rekstrategundina sem um ræðir:

- (1) lágmarkshvildartími með skerðingu;
- (2) aukningar á næsta hvíldartíma; og
- (3) skerðingar á FDP í kjölfar skertrar hvíldar.

- (d) Endurtekinn framlengdur hvíldartími til afturbata

Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina endurtekinn framlengdan hvíldartíma til afturbata til að vinna gegn uppsafnaðri þreytu. Lágmark endurtekinna framlengdra hvíldartíma til afturbata skal vera 36 klukkustundir, þar á meðal 2 staðarnætur, þannig að aldrei séu meira en 168 klukkustundir frá lokum eins endurtekings framlengds hvíldartíma til upphafs þess næsta. Endurtekni framlengdi hvíldartíminn til afturbata skal framlengja í 2 daga tvisvar í mánuði.

- (e) Útlistaðar áætlanir um flugtíma skulu tilgreina hvíldartíma til viðbótar í samræmi við viðeigandi vottunarforskriftir til að vega upp á móti:

- (1) áhrifum tímamismunar og framlenginga á FDP;
- (2) uppsafnaðri viðbótarþreytu vegna truflana á áætlunum; og
- (3) breytinga á heimahöfn.

#### **ORO.FTL.240 Næring**

- (a) Gefa skal áhafnarmeðlimum kost á að neyta matar og drykkja meðan á FDP stendur til að koma í veg fyrir að frammistaða áhafnarmeðlima versni, sérstaklega þegar FDP er lengri en 6 klukkustundir.
- (b) Flugrekandi skal tilgreina í rekstrarhandbók sinni hvernig skal tryggja næringarinntöku áhafnarmeðlima meðan á FDP stendur.

#### **ORO.FTL.245 Skráning flug- og vaktartíma og hvíldartíma**

- (a) Flugrekandi skal geyma í 24 mánuði:
  - (1) Skráningar varðandi einstaka áhafnarmeðlimi, þar á meðal:
    - (i) flugtíma;



- (ii) upphaf, lengd og lok sérhvers vaktatímabils og FDP;
  - (iii) hvíldartíma og daga án nokkurra vaktaskyldna; og
  - (iv) tilgreinda heimahöfn.
- (2) Skráningar um framlengd flugvaktarskeið og skertan hvíldartíma.
- (b) Sé þess óskað skal flugrekandi útvega afrit af einstökum flugskýrslum, vaktaskýrslum og hvíldartímaskýrslum fyrir:
- (1) áhafnar meðliminn sem í hlut á; og
  - (2) annan flugrekanda, ef um er að ræða áhafnar meðlim sem er eða verður áhafnar meðlimur viðkomandi flugrekanda.
- (c) Skrár, sem vísað er til í CAT.GEN.MPA.100 (b)(5) í tengslum við áhafnar meðlimi sem vinna fyrir fleiri en einn flugrekanda, skal geyma í 24 mánuði.

#### **ORO.FTL.250 Þjálfun í þreytustjórnun**

- (a) Flugrekandi skal veita áhafnar meðlimum, starfsliði í vaktaskrá og viðeigandi stjórnunarfólki þreytustjórnunarþjálfun í upphafi starfs og svo með endurteknu bili.
- (b) Þjálfunin skal fylgja þjálfunaráætlun sem flugrekandi kemur á laggirnar og lýst er í rekstrarhandbókinni. Námskráin skal taka til mögulegra orsaka og áhrifa þreytu og aðgerða til að takast á við þreytu.